

25. maí 1976.

L Ö G

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Launakjör skipaðra ljósmæðra skulu ákveðin með kjarasamningum eða af kjara-
dómi á sama hátt og laun opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 55 28. apríl 1962.

Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd mánaðarlega úr bæjarsjóði.
Laun skipaðra ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða skal greiða að einum
þriðja hluta úr sýslusjóði og tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði. Launin greiða
sýslumenn ársfjórðungslega fyrir fram.

Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi,
ber að greiða fyrir það byrjunarlaun þess umdæmis.

Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir í sam-
ráði við skólastjóra og aðalkennara Ljósmæðraskóla Íslands, hver þau skuli vera.

2. gr.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:
Ljósmóðir, sem skipuð er í starf samkvæmt lögum þessum, á rétt á orlofi ár
hvert á sama hátt og aðrir opinberir starfsmenn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 1. gr. laga nr. 23 1947, lög
nr. 23 1948 og lög nr. 114 1951.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1976 skal hver sýslunefnd endurskoða skiptingu sýslunnar í ljósmæðra-
umdæmi, sbr. 2. gr. laganna.

Að endurskoðun lokinni skal sýslunefnd í hverju lögsagnarumdæmi gera ráðherra grein fyrir tillögum um skiptinguna og leita samþykkis hans á þeim.

Gjört í Reykjavík 25. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um sálfræðinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Rétt til að kalla sig sálfræðinga hér á landi hafa þeir einir sem til þess hafa fengið leyfi menntamálaráðuneytisins.

Öðrum aðilum er óheimilt að nota starfsheiti sem til þess er fallið að gefa í skyn að þeir hafi hlotið löggildingu sem sálfræðingar.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hafa kandidatsprófi eða öðru hliðstæðu prófi í sálarfræði eða sálfræðilegri uppeldisfræði sem aðalgrein við háskóla á Norðurlöndum eða sambærilegu prófi við aðra háskóla, hvort tveggja að fenginni umsögn Sálfræðingafélags Íslands.

Ef sérstakar ástæður mæla með því er einnig heimilt að veita þeim takmarkað eða tímabundið leyfi samkvæmt 1. gr. sem hafa aðra háskólamenntun en hafa við sjálfstæðar sálfræðilegar eða uppeldisfræðilegar rannsóknir eða hagnýt störf sýnt að þekking þeirra er sambærileg við þá sem nefnd er í 1. mgr., enda liggi fyrir meðmæli Sálfræðingafélags Íslands.

Heimilt er að synja manni leyfis ef 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

3. gr.

Sálfræðingi er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda nær einnig til samstarfsmanna sálfræðings, þ. á. m. til fræðimanna sem fá aðgang að gögnum í vísindalegum tilgangi. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum.

4. gr.

Sálfræðingur getur afsalað sér löggildingu. Skal hann þá tilkynna ráðuneytinu það skriflega og endursenda því löggildingarbréf sitt.